

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Miðsvæði M1 - Heppuvegur 6

Greinargerð

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar gerir hér með breytingu á miðsvæði M1 á Höfn. Breytingin snýr að því að heimila gistingu í húsnæði Heppuvegar 6, þess hlutar sem er innan miðsvæðis skv. aðalskipulagsbreytingu sem tók gildi 11. febrúar 2022. Markmið með breytingunni er að auka fjölbreytni og koma til móts við eftirspurn eftir gistirými á svæðinu.

Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á greinargerð, kafla 15 Miðsvæði (M). Uppdráttur er óbreyttur.

Gildandi texti í greinargerð:

Við Heppuveg er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði verði breytt og þar verði heimilt að hafa matvæla-/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða. Matvæla-/iðnaðarframleiðsla skal ekki vera mengandi og samrýmast miðbæjarstarfsemi. Skrá skal fornminjar fyrir jarðrask og skoða varðveislugildi húsa áður en byggingar- eða framkvæmdarleyfi er gefið út.

Breyttur texti í greinargerð:

Við Heppuveg er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði verði breytt og þar verði heimilt að hafa matvæla-/iðnaðarframleiðslu, veitingasölu og listsýningar auk íbúða. Heimiluð er gisting fyrir ferðamenn í allt að 12% húsnæðisins. Matvæla-/iðnaðarframleiðsla skal ekki vera mengandi og samrýmast miðbæjarstarfsemi. Skrá skal fornminjar fyrir jarðrask og skoða varðveislugildi húsa áður en byggingar- eða framkvæmdarleyfi er gefið út.

Umhverfisáhrif

Breytingin hefur óveruleg umhverfisáhrif. Svæðið er þegar byggt og með þeim innviðum sem til þarf vegna breytingarinnar.

SAMÞYKKTIR


Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd þann 6. desember og í bæjarstjórn þann 14. desember 2023.

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar


Eun Ríða Sveinbjörnsd.



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann



21/3 '23



Gildandi Aðalskipulag



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
Aðalskipulagsbreyting
Miðsvæði M1 - Heppuvegur 6

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
104162	A4	AB	ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
	06.12.2023		

SAMÞYKKT: